

## ÞORSKELDI ÁLFSFELLS EHF., ALLT AÐ 900 TONN Á ÁRI, Í SKUTULSFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Álfshells ehf. við tilkynningu framkvæmdarinnar, umsagnir og viðbrögð Álfshells vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugað eldi á allt að 900 tonnum/ári af þorski í Skutulsfirði við Ísafjarðarbæ kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar byggir á vísbendingum um að núverandi eldisstarfsemi í Skutulsfirði hafi nú þegar haft neikvæð áhrif á botndýralíf og líkur á að aukning á þorskeldi úr 200 tonnum í allt að 900 tonna ársframleiðslu muni auka umtalsvert álag á botndýralíf svæðisins frá því sem nú er. Þá liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir um styrk hafstrauma á eldissvæðinu og í nágrenni þess og mögulega þynningu úrgangs frá fyrirhugaðri starfsemi. Einnig liggur ekki fyrir mat á burðargetu svæðisins.

Einnig vísast til eftirfarandi atriða sem tilgreind eru í 3. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.:

- Eðli framkvæmdar, einkum m. t. t. stærðar og umfangs fyrirhugaðrar framkvæmdar, sem felur í sér rúmlega fjórföldun á eldi miðað við núverandi leyfi Álfshells ehf. og án þess að fyrir liggi mat á burðargetu eldissvæðisins (i liður 1. tl.). Auk þess m.t.t. sammögnunaráhrifa með öðru þorskeldi í Skutulsfirði og óvissu um heildarúrgang og mengun frá þeirri starfsemi (ii liður 1. tl.).
- Staðsetningu framkvæmdar m.t.t. þess að ekki liggur fyrir staðfesting á því að umrætt svæði sé síður viðkvæmur viðtaki skv. reglugerð nr. 798/199 um fráveitur og skólp (iv liður i 2. tl.). Því sé óljóst hvort sjór við Ísafjarðarbæ geti borið að taka við skólpi og úrgangi frá fiskeldi.
- Eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar m.t.t. umfangs og stærðar umhverfisáhrifa (i og ii liður 3. tl.). Aukið eldi Álfshells í Skutulsfirði, til viðbótar því eldi sem fyrir er, er líklegt til að leiða til umtalsvert neikvæðra áhrifa á botndýralíf á tiltölulega stóru svæði í Skutulsfirði.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. janúar 2010.

## INNGANGUR

Þann 27. október 2009 barst til Skipulagsstofnunar tilkynning Náttúrustofu Vestfjarða, f.h. Álfsfells ehf., um eldi á allt að 900 tonnum/ári af þorski í Skutulsfirði í Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 18. nóvember 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 5. nóvember 2009, Fiskistofu með bréfi dags. 8. desember 2009, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 11. nóvember 2009, Matvælastofnun með bréfum dags. 4. nóvember og 8. desember 2009, Siglingastofnun með bréfi dags. 18. nóvember 2009 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 13. og 27. nóvember 2009. Frekari upplýsingar bárust frá Náttúrustofu Vestfjarða, f.h. Álfsfells ehf., með bréfum dags. 23. og 24. nóvember 2009.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fram kemur að Álfsfell ehf. hafi verið með þorskeldi í sjókvíum í Skutulsfirði frá árinu 2002 og starfsleyfi fyrir allt að 200 tonna ársframleiðslu. Fyrirhugað sé að stækka eldið í allt að 900 tonna ársframleiðslu. Markmið framkvæmdarinnar sé að gera áframeldi á þorski að arðbæru alaldi í framtíðinni og í sátt við umhverfið.

Fyrirhugað er að kvíar fyrir eldisfisk verði 8 talsins, staðsettar að vestanverðu í firðinum um 800 m frá landi. Ummál kvía verði allt að 60 m, dýpt netpoka allt að 12 m og dýpi undir kvíum að meðaltali 22 m (12 m frá netpoka að botni). Innsta kvíun verði rétt rúman kílómetra frá Eyrinni og jafnlangt frá næstu skólplögn. Á milli Arnarness og Eyrar er botndýpi mest um 30 m, en um 17 m við mynni Skutulsfjarðar.

Fóður, sem á að nota, verður að meginhluta frosin loðna, líklega um 60%, en restin að mestu frosin síld, en einnig rækja og fiskafskurður. Fram kemur að fóðurnýting sé mismunandi eftir árstíma og stærð fiska. Árið 2007 hafi nýtingin verið 3,42 kg á hvert kíló af þorski en vegna hrygningar eldisfisks og of stutts eldistíma hafi fóðurnýting orðið 6,48 kg á hvert kíló af þorski árið 2008.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Fram kemur að fiskeldið sé ekki talið hafa áhrif á siglingar skipa inn og út úr Ísafjarðarhöfn, sjávarnytjar eða ferðaþjónustu.

**Áhrif af uppsöfnun næringarefna á sjávarbotni.** Fram kemur að margt bendi til þess að vegna eldisins safnist næringarefni upp á sjávarbotn, sérstaklega rétt við eldiskvíarnar þar sem svartleitt og lyktandi botnset hafi fundist. Nálægt eldiskvíum (á stöð C) hafi burstaormar af ætt Spionidae verið algengastir botndýra, en slíkir ormar séu algengari eftir því sem magn næringarefna í botnseti aukist. Athuganir bendi til að uppsöfnun næringarefna sé staðbundin en því til mótvægis sé líklega nóg að færa kvíar um 200-500 m. Stefnt sé að slíkri tilfærslu til að hvíla svæði eða flytja eldisfisk í aðrar kvíar.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Ísafjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Fiskistofa, Matvælastofnun og Siglingastofnun telja ekki líkur á að framkvæmdin kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Hafrannsóknastofnunin telur framkomin mæligögn um straumhraða ekki fullnægjandi til að meta hvort þörf sé á mati á umhverfisáhrifum.

Í svari Álfsfells ehf. kemur fram að ólíklegt sé að frekari straummælingar gagnist við að meta hvort framkvæmdin þurfi að fara í umhverfismat eða ekki þar sem reynsla sýni að uppsöfnun lífrænna leifa sé nær eingöngu undir kvíum, þrátt fyrir að straumur sé talinn sterkur. Búast megi við að straumur í Skutulsfirði sé svipaður og í Álftafirði við Ísafjarðardjúp, þar sem leyfi sé fyrir 2.000 tonna þorskeldi (áframeldi og aeldi).

Umhverfisstofnun bendir á hugsanlega hættu vegna rekíss, sem gæti leitað inn fjörðinn og skapað vandamál við fiskeldissvæðið. Einnig er bent á að það sé framkvæmdaraðila í hag að fyrir liggja upplýsingar um þölmörk svæðisins og umhverfisáhrif aukins þorskeldis. Upplýsingar skorti um umhverfisáhrif af 900 tonna ársframleiðslu af þorski í Skutulsfirði, óvissa ríki um þölmörk svæðisins og keðjuverkandi áhrif á lífríki þess. Í ljósi þess telur Umhverfisstofnun að líkur séu á að framkvæmdin geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í svari Álfsfells ehf. er bent á að alls staðar sé hættu á rekís. Rannsóknir á botndýralífi séu tímafrekar og dýrar og ekki sé ætlandi einu fiskeldisfyrirtæki í landinu að borga fyrir grunnrannsóknir á þölmörkum fjarða. Álfsfell hafi látið gera rannsóknir á botndýrum, straumum og seltu og auk þess staðið fyrir umfangsmiklum mælingum á hita í sjó og lofti. Á næsta ári standi til að gera frekari rannsóknir á botndýrum og straumum, sem sé örari vöktun en lög kveði á um.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt tilkynningu hafi ársframleiðsla á þorski aukist úr 250 tonnum árið 2007 í um 560 tonn árið 2008, en Álfsfell hafi ekki starfsleyfi fyrir þeirri aukningu.

Í svari Álfsfells ehf. er bent á að um áframeldi sé að ræða og þungi fisks sé mikill þegar hann sé fluttur í eldi en þar sé hann í stuttan tíma. Umrædd framleiðsla sé lífþungaaukning í eldinu. Áframeldisfiskur hafi verið í kvíum 1/3 af árinu, frá ágúst til desember. Árin 2006-2008 hafi framleiðsla (lífþungaaukning) verið um 83 til 153 tonn/ári, sem sé langt innan þeirra 200 tonna sem Álfsfell hafi leyfi fyrir.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að upplýsingar í tilkynningu séu þannig fram settar að ekki sé hægt að skilja þær öðruvísi en að ársframleiðslan sé einmitt sú sem fram kemur í skýrslunni. Þær tölur sem fram koma í svari Álfsfells sé hins vegar hvergi að finna í kynningarskýrslu fyrir þorskeldið. Nauðsynlegt sé að upplýsingar um fiskeldi séu settar fram á réttan og skýran hátt, m.a. hvort um sé að ræða ársframleiðslu til slátrunar eða lífmassa sem er í fiskeldiskvíum. Að mati Umhverfisstofnunar hafi ekki komið fram nýjar upplýsingar sem breyti fyrri umsögn stofnunarinnar.

**Áhrif af uppsöfnun næringarefna á sjávarbotni.** Hafrannsóknastofnunin bendir á vart hafi verið við uppsöfnun næringarefna nærri kvíum. Æskilegt sé að straummælingar séu gerðar samfelld í a.m.k. tvær vikur á 10 m dýpi, svo megi átta sig á breytileika í straumhraða og dreifingu úrgangsefna.

Í svari Álfsfell ehf. kemur fram að straummælingar hafi verið gerðar á tveimur dögum á annars vegar 5 m dýpi og hins vegar 5 m frá hafsbotni. Mælt hafi verið á þremur stöðum til að kanna hvort munur væri á stefnu og hraða straumsins innan fiskeldissvæðisins og til að finna heppilegan stað fyrir tveggja vikna straummælingar veturinn 2009-2010.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd varðandi fullyrðingu um að fiskeldissvæðið sé skilgreint sem síður viðkvæmur viðtaki samkvæmt reglugerð nr. 798/1999. Bendir stofnunin á að reglugerðin eigi aðeins við um fráveitur og skólþ og til þess að skilgreining á viðtaka öðlist vægi þurfi viðkomandi sveitarfélag að fá staðfestingu Umhverfisstofnunar um að skilgreiningin sé fullnægjandi. Ekki liggi fyrir staðfesting á því að umrætt svæði sé síður viðkvæmur viðtaki.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að margt bendi til þess að næringarefni safnist upp við kvíar í Skutulsfirði, einkum næst kvíunum. Botnset hafi verið svartleitt og lyktandi, sem bendi til súrefnisskorts og vísbendingar séu um að lífríki sjávarbotns við kvíarnar hafi breyst. Ljóst sé að álag á botndýralíf muni aukast með aukinni framleiðslu á þorski, en ekki sé ljóst hvaða áhrif aukin uppsöfnun næringarefna á sjávarbotni muni hafa á dýralíf á svæðinu og breyting á botndýralífi muni hafa á vistkerfi svæðisins. Botn næst kvíunum þoli meira álag en nú sé, en ekki sé vitað hversu mikið álag né hversu lengi. Þá hafi ekki verið áætlað hversu lengi þurfi að hvíla svæði í kjölfar álagstíma.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að nálægt núverandi þorskeldiskvíum sé þröskuldur á sjávarbotni sem gæti leitt til þess að svæðið teljist óheppilegt til þorskeldis. Að sama skapi sé straumhraði þar ekki mikill (um 0-10 cm/sek) þó mælt hafi verið á stórstraumi. Flestar mælingar hafi verið 0-5 cm/sek, en samkvæmt aðferðum við staðarval fiskeldis sé miðað við að straumur þurfi að vera a.m.k 5 cm/sek.

Í svari Álfsfell ehf. er bent á að kvíarnar séu u.þ.b. 800 metra frá landi og dýpi undir þeim sé að meðaltali 22 metrar. Næsta skólplögn sé rétt rúman kílómetra frá innstu eldiskví, dýpi á svæðinu aukist eftir því sem utar dregur og eldissvæðið sé opið fyrir hafi (Ísafjarðardjúpi). Því sé svæðið síður viðkvæmur viðtaki samkvæmt skilgreiningu reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Dýpi á eldisstað sé svipað og við mynni Skutulsfjarðar og með tilliti til staðsetningar á fiskeldinu sé því varla hægt að tala um þröskuld á sjávarbotni. Meðalstraumur í Skutulsfirði hafi mælst um 3 cm/sek en fjörðurinn sé opin og búast megi við straumpúlsum vegna vindáhrifa. Bent er á að botngerð geti verið svartleitt án þess að til komi mengun frá fiskeldi eða öðrum iðnaði. Súrefni hafi ekki verið mælt, en miðað við að fjölbreytileiki botndýralífs hafi verið eins við kvíar og á viðmiðunarsvæðum þá sé ekki súrefnisþurrð við botninn, a.m.k. ekki ennþá. Fram kemur að erlendar rannsóknir hafi leitt í ljós að fjölbreytileiki botndýra aukist fljótt eftir að álag hætti, en þar sem straumur sé lítill sé talið að 6-7 ár geti liðið áður en svæði hafi jafnað sig. Bent er á að eldissvæði séu misjöfn með tilliti til botngerðar, dýpis, strauma, sjávarhita og hversu opin þau eru fyrir úthafi. Því þurfi að skoða hvert svæði fyrir sig.

Samkvæmt vitneskju Álfsfells ehf. hafi ekki verið gerðar rannsóknir á áhrifum fiskeldis á vistkerfi. Gerðar hafi verið rannsóknir á svifþörungalífi en við náttúrulegar aðstæður séu miklar sveiflur í heildarfjölda og tegundasamsetningu þörungna frá degi til dags og mælingar á þörungum hafi því ekki nýst til að mæla breytingar vegna fiskeldis. Álfsfell hafi látið taka botnsýni í Skutulsfirði og búið sé að greina hluta þeirra. Áformað sé að taka fleiri sýni 2010. Þá kemur fram að veturinn 2009-2010

muni Álfsfell láta mæla straum í 14 daga samfleytt svo að greina megi fallastrauma og straumpúlsa vegna áhrifa vinds.

**Áhrif á aðrar nytjar.** Siglingastofnun bendir á eldiskvíar séu nálægt siglingaleið fiski- og flutningaskipa og merkja þurfi kvíarnar skv. reglugerð nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar. Senda þurfi til Siglingastofnunar staðsetningar kvíanna svo koma megi hnitunum á framfæri við sjófarendur.

Hafrannsóknastofnunin telur að fyrirhuguð aukning á þorskeldi muni ekki hafa teljandi áhrif á fiskveiðar eða siglingar fiskiskipa.

Umhverfisstofnun bendir á að þorskeldi Álfsfells sé um 200 metrum innan við eldiskvíar Glaðs ehf., sem sé með starfsleyfi fyrir 200 tonna framleiðslu. Með hliðsjón af norrænum viðmiðum telur Umhverfisstofnun ekki æskilegt að fiskeldi liggi svo nálægt hverju öðru.

Í svari Álfsfell ehf. kemur fram að áframeldi Glaðs ehf. sé aðeins í tveimur kvíum og um samskonar starfsemi sé að ræða. Glaður hafi leyfi fyrir allt að 200 tonna framleiðslu og gæti ársframleiðsla fyrirtækjanna á svæðinu orðið 1.100 tonn.

**Áhrif á villta fiskistofna.** Matvælastofnun telur að vistkerfi fjarðarins þoli fyrirhugað eldi, auk eldis Glaðs ehf., m.t.t. fisksjúkdóma. Þá telur stofnunin að miðað við uppgefna fjarlægð milli sjókvía og skólþútrasar verði matvælaöryggi ekki ógnað, ef unnið verði eftir gildandi reglum varðandi umhverfiseftirlit og mengun.

**Áhrif á menningarmínjar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að engar þekktar fornleifar séu á framkvæmdavæðinu og ólíklegt að þær finnist þar, en til fornleifa teljast m.a. skipsflök. Minnt er á 13. gr. Þjóðminjalaga ef fornleifar finnast.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun á þorskeldi Álfsfells ehf. í sjókvíum í Skutulsfirði úr 200 tonnum í allt að 900 tonna ársframleiðslu. Markmiðið er að gera áframeldi á þorski að arðbæru alaldi í framtíðinni og í sátt við umhverfið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hefur komið fram að frá því að áframeldi Álfsfells hófst árið 2002 hafa svæði undir kvíum ekki verið hvíld. Ekki hefur verið gerð áætlun um að hvíla sjávarbotn undir kvíum reglubundið, né hve lengi í senn, svo draga megi úr neikvæðum áhrifum eldisins á botndýralíf. Úrgangur hefur safnast fyrir á sjávarbotni við kvíar, sem vísbendingar eru um að rekja megi til eldisins. Felast vísbendingar m.a. í því að botnset þar er svartleitt og lyktandi og botndýr, sem þolin eru á lágan súrefnisstyrk sjávar, eru algengari við kvíar en á viðmiðunarsvæði utar í Skutulsfirði.

Fyrir liggur að Hafrannsóknastofnunin telur að straummælingar, sem Álfsfell lét gera, séu ekki fullnægjandi til að meta breytileika í straumhraða og dreifingu úrgangsefna frá eldissvæðinu í Skutulsfirði. Á stórstraumi reyndist straumhraði tíðast vera 0-5 m/s á tveggja daga tímabili. Umhverfisstofnun telur það vera undir þeim viðmiðum sem höfð séu til hliðsjónar við staðarval fiskeldis og auk þess sé þröskuldur á sjávarbotni utan við eldissvæðið, sem gæti leitt til þess að svæðið teljist óheppilegt til fiskeldis. Þá hefur komið fram að skólþútrás rennur til sjávar nærri eldisstað og ekki liggi fyrir staðfesting á því að svæðið þar sem útrás skólþúsins er, flokkist sem síður viðkvæmur viðtaki.

Skipulagsstofnun telur líkur á því að nú þegar hafi eldi í Skutulsfirði haft áhrif á botndýralíf og að fyrirhuguð aukning á áframeldi þorsks úr 200 tonnum í allt að 900 tonna ársframleiðslu muni auka umtalsvert álag á botndýralíf svæðisins frá því sem nú er. Auk



Þess beri að líta til sammögnunar áhrifa frá starfsemi annars fyrirtækis, sem hafi leyfi fyrir 200 tonna áframeldi á þorski í Skutulsfirði. Þröskuldur er á sjávarbotni utan við eldissvæðið, en auk þess bendir Skipulagsstofnun á að austan við það er dýpi Skutulsfjarðar mest, sem stofnunin telur að geti skipt máli vegna uppsöfnunar lífræns efnis á sjávarbotni í firðinum. Telur Skipulagsstofnun að takmarkaðar mælingar gefi til kynna að súrefnisstyrkur við eldiskvíar sé lágur, straumhraði á eldisstað sé lítil og hafstraumar hafi takmarkaða getu til þess að dreifa úrgangi frá eldinu. Þá liggja ekki fyrir upplýsingar um hvers eðlis vinddrifnir straumpúlsar í Skutulsfirði kunni að vera eða hvort þeir eru taldir nægjanlegir til þess að þynna út og dreifa úrgangi frá þorskeldinu á fullnægjandi hátt. Skipulagsstofnun telur því verulega óvissu ríkja um burðargetu svæðisins og m.a. þurfi að liggja fyrir ítarlegri rannsóknir á hafstraumum í Skutulsfirði, en fjallað er um í tilkynningu Álfshells, til að hægt sé að meta hugsanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Þá telur Skipulagsstofnun líklegt að möguleikar til þess að færa kvíar, í þeim tilgangi að hvíla svæði, séu takmarkaðir í ljósi þess að rétt austan við eldissvæðið er siglingaleið fiski- og flutningaskipa.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Álfshells ehf. við tilkynningu framkvæmdarinnar, umsagnir og viðbrögð Álfshells vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugað eldi á allt að 900 tonnum/ári af þorski í Skutulsfirði við Ísafjarðarbæ kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar byggir á vísendingum um að núverandi eldisstarfsemi í Skutulsfirði hafi nú þegar haft neikvæð áhrif á botndýralíf og líkur á að aukning á þorskeldi úr 200 tonnum í allt að 900 tonna ársframleiðslu muni auka umtalsvert álag á botndýralíf svæðisins frá því sem nú er. Þá liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir um styrk hafstrauma á eldissvæðinu og í nágrenni þess og mögulega þynningu úrgangs frá fyrirhugaðri starfsemi. Einnig liggur ekki fyrir mat á burðargetu svæðisins.

Einnig vísast til eftirfarandi atriða sem tilgreind eru í 3. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.:

- Eðli framkvæmdar, einkum m. t. t. stærðar og umfangs fyrirhugaðrar framkvæmdar, sem felur í sér rúmlega fjórföldun á eldi miðað við núverandi leyfi Álfshells ehf. og án þess að fyrir liggji mat á burðargetu eldissvæðisins (i liður 1. tl.). Auk þess m.t.t. sammögnunaráhrifa með öðru þorskeldi í Skutulsfirði og óvissu um heildarúrgang og mengun frá þeirri starfsemi (ii liður 1. tl.).
- Staðsetningu framkvæmdar m.t.t. þess að ekki liggur fyrir staðfesting á því að umrætt svæði sé síður viðkvæmur viðtaki skv. reglugerð nr. 798/199 um fráveitur og skólpi (iv liður i 2. tl). Því sé óljóst hvort sjór við Ísafjarðarbæ geti borið að taka við skólpi og úrgangi frá fiskeldi.
- Eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar m.t.t. umfangs og stærðar umhverfisáhrifa (i og ii liður 3. tl.). Aukið eldi Álfshells í Skutulsfirði, til viðbótar því eldi sem fyrir er, er líklegt til að leiða til umtalsvert neikvæðra áhrifa á botndýralíf á tiltölulega stóru svæði í Skutulsfirði.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. janúar 2010.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigmar Arnar Steingrímsson